

1858.

3. nóvbr.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu um fjárkláðann.

Síðan vör rituðum yður síðast, herra amtmaður, 15. apríl í vor, um fjárkláðann í norður-umdæminu, höfum vör fengið að norðan beiðni frá nokkrum mönnum í Húnavatns þingi, ásamt álitsskjali yðru dagsettu 24. júní þ. á. Oss hefir og verið send hingað racleiðis beiðni frá nokkrum mönnum í þingeyjar þingi, og önnur beiðni frá Eyjafjarðar sýslu. Öll bönarbréf þessi lúta að því, að stjórnin gjöri eingar þær ráðstafanir um fjársýkina, er gagnstæðar seu ráðum þeim, er Norðlendingar þegar hafa tekið. Síðan hafið þér, herra amtmaður, sent oss tvö bréf, dagsett 22. júlí. Bréfum þessum fylgdi skýrsla um fund þann á Akureyri, er nokkrir Norðlendingar áttu með sér, er til þess voru kjörnir á þingum í vor, úr öllum sýslum í norður- og austur-umdæminu; menn þessa höfðuð þér kvatt til fundar, til að ræða með sér, hvað nú skyldi gjöra frammar í kláðamálinu, og hvernig endurgjalda skyldi Húnavetningum fjárskada sinn sökum niðurskurðarins; skýrslu þessari fylgdi nefndarálit um skaðabæturnar; skyldu þær vera 67,544 dalir fyrir 18,657 fjár, og er enn sagt, hversu þeim skyldi jafna niður. Bréfum yðar fylgdi og bænarskrá fundarmanna, og er þar meðal annars mælt til:

- 1) að frumvarp fundarins til reglugjörðar um að útrýma fjárkláðanum, og varna meiri útbreiðslu hans í norður- og austur-umdæminu, mætti verða gjört gyldandi sem bráðabyrgðarlög í nefndu umdæmi, og
- 2) að í suðurumdæminu og vesturumdæminu yrðu gjörðar þær ráðstafanir um lógun fjárens og vöktun þess, er væru fulltryggjandi vörn fyrir norður- og austur-umdæmið móti nýrri hættu frá nefndum umdæmum.

Þér hafið, herra amtmaður, getið þess, þá er þér senduð oss þessa bænarskrá fundarmanna, að enn þótt búið se að stemma svo stigu fyrir sýkinni, að hún hafi ekki komið út fyrir kláðahèruðin í Húnavatns þingi, og að sýkin hvergi hafi gjört vart við sig fyrir austan Blöndu, hvorki í Húnavatnsþingi,

1858.
3. nóvbr.

nè norðar, þá sjáið þér yður samt engan veg, án lagaheimildar, að burtrýma sýkinni alveg úr nokkrum sveitum í Húnavatus-sýslu, því að bændur hafi þar slægilega framfylgt fyrirætlum yðar, enda þótt þeir eigi hafi hallað sér að lækningum, og heldur eigi til að varna sýkinni að dreifast norður í sýslurnar. Þessvegna hafið þér mælt af alefli fram með því, við ráðgjafa dómsmálanna, þá er þér höfðuð bent honum á ástæður frumvarpsins, að hann útvegaði samþykki konungs á frumvarpinu. En það er aðalefnið í frumvarpinu, að stöðva skuli sýkina og útrýma henni með niðurskurði, ef hún gjörir frammar vart við sig í Norðurlandi, en alls engar skuli lækningar meiga viðhafa; að amtmaður megi ákveða með ráði sýslunefndar, hve mikið skuli niðurskera ef sýkin gjörir vart við sig, en vilji þá einhver eigi skera fê sitt fúslega, þá megi gjöra það með valdi og á eiganda kostnað, en annars skal bæta fê nokkru, og þó eigi jafnan; bætum þessum skyldi jafna niður á sýslu hverja eptir fjármegni, og sýslunefndirnar aptur á hreppana, og að lyktum skyldu hreppstjórar jafna þeim niður á hreppsþúa, á þann hátt, er þeim þykir bezt við eiga.

Þér hafið, herra amtmaður, fengið að vita af bréfi voru 15. apríl í vor, að stjórnin getur enganvegin fallið á skoðun yðra um eðli sýkinnar, og um aðferðina til að stöðva hana og útrýma henni; vèr höfum tekið það skýlaust fram í bréfi því, að skyldi ráðstafanir þær reynast ónógar, er gjörðar hafa verið í Húnavatns sýslu, til að varna sýkinni frá að breiðast út úr sýslunni, þá þækti oss óráðlegt, að halda áfram öðrum eins niðurskurði og hafður hefur verið þar í sýslu, og því lètum vèr skora fastlega á amtsþúa, að athuga sem vandlegast, hvort eigi mundi réttara að láta af uppteknum hætti en taka upp lækningar í staðinn; og buðumst vèr þá til, að rétta amtsþúum hjálparhönd vora, til að útvega þeim lækna og læknisdóma. Því fer svo fjærri, að oss hafi snúist hugur um nytsemi lækninganna af bænaðskrá þeim, er vèr höfum síðar fengið, að vèr höfum miklu fremur fengið enn fastari sannfæring um þetta mál, af tveimur álitsskjölum um kláðamálið, er vèr höfum nýlega fengið frá dýralækninga-

1858.
3. nóvbr.

ráðinu í Kaupmannahöfn, og sem fylgja bréfi þessu¹; því dýra-lækníngaráðið er mjög svo mótfallið algjörðum niðurskurði sök-um sýkinnar, er hafður hefur verið í Norðurlandi, en ræður til þess að fara eptir reglum þeim, er fylgt hefur verið á Suð-urloandi, og sem því þykir réttar að mestu. Af þessu leiðir nú, að stjórnin finnur alls enga ástæðu til að fá samþykki konungs á amtsfundar frumvarpinu, er fer í öldúngis gagnstæða stefnu við það, sem stjórnin álitur rétt að vera, en hún hefir fyrir sér álit allra þeirra manna, utanlands og innan, er vit hafa á lækníngum; og eigi getum vér heldur samþykkt, að skaðabótun-um fyrir fé það, er skorið hefur verið niður í Húnavatnssýslu, sé jafnað niður á menn að þeim nauðugum, heldur álitum vér það undir hverjum einum komið, hvað hann gjörir, og kemur mál þetta oss því ekki við. Þá getur stjórnin ekki heldur tekið neinn þátt í endurgjaldinu fyrir ásaudarkúgildi þau, er skorin hafa verið niður á þjóðjörðunum, þareð skuldbindingin til að bæta eigendunum tiltölulegan hluta af skaða þeim, er þeir hafa beðið af því, að skera niður fænað sinn sjálf-viljugir til þess að útrýma sýkinni, verður einúngis að hvíla þeim á herðum, sem fyrirfram hafa lagt þar lof á, en það höfum vér ekki gjört, og hafi nokkur gjört það í voru nafni, liggur það í augum uppi, að slíkt loforð, er gjört hefur verið umboðslaust, getur aldrei skuldbundið stjórnina.

Þegar nú um það er að ræða, hvað gjöra skuli, ef að fjárkláð-inn útbreiðist lengra í umdæmi yðru, þá hefir stjórnin reyndar ekki vald á, að banna fjáreigendum sjálfum að halda fram niður-skurði, hversu bágt sem til þess er að vita; en hitt getur stjórnin eigi leyft, að embættismenn hennar gjörist oddvitar að, og leitizt við að koma fram þess konar ráðstöfunum, sem bæði stjórnin, og allir þeir menn utanlands og innan, er vit hafa á málinu, hlýtur að álíta rángar og til helbers skaða fyrir helsta bjargræðisveg landsmanna; því verðum vér að láta herra amt-manninn, sýslumenn alla og hreppstjóra þá er undir yður lúta, vita fullt og fastlega, að það sé vili dómsmálastjórnarinnar, að

1) sjá fylgiskjal I—II hér á eptir.

1858.

3. nóvbr.

þér þrátt fyrir yðar eigin sannfæringu um þetta mál, hættið að vinna að framhaldi niðurskurðarins, en reynið aptur á mót, hver í sinn stað, af fremsta megni og svo mjög sem í yðar valdi stendur, að hindra niðurskurðinn en leitast við að efla lækningar samkvæmt reglum dýralækníngaráðsins. Í þessu skyni sendum vér yður ágrip af álitsskjali dýralækníngaráðsins, og verðið þér að sjá um að það verði heyrum kunnugt, bæði með því að láta sýslumenn auglýsa það, og láta prenta það í blaðinu Norðra. Þér verðið og að bera umhyggju fyrir því í tíma, að fá tilhjálp við lækningatilraunir þær, er amtsbúar yðrir kynnu gjöra vilja, frá Suðurumdæminu, þar sem menn eru nú orðnir vanir meðferð sýkinna. Að lyktum verðið þér að sjá um, að fengnir séu læknisdómar og læknir hëðan að vori komanda ef þess skyldi viðþurfa, og lofum vér enn að nýju að styrkja yður til þess.

Að öðru leiti vonumst vér eptir, að oss verði send við fyrsta tækifæri nákvæm skýrsla um ástandið í Norður-umdæminu og hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til að útrýma sýkinni.

I. Fylgiskjal.

Agrip af álitsskjali dýralækníngaráðsins 31. ágúst 1858 um fjárkláðann á Íslandi.

Dýralækníngaráðið er landlækninum og dýralæknunum samdóma um það, að sýki sú, er gengur á Íslandi, sè vanalegur fjárkláði, því hún er þar eigi frábrugðnari en fullkomlega skiljanlegt er af eðli kláðasýkinna sjálfrar og því öðru, er sauðfé á þar við frábreytt kjör að búa. Kláða fylgir sú náttúra, að hörundsveikin breytist að útliti eptir því hversu sýkin er lángvinn og skepnan hraust. Rannsóknir manna nú á tímum hafa nóg samlega sannað, að kláðamaurinn geti verið undirrót að ýmsum hörundskvillum, er fyrrum voru taldir sèrstakleg veikindi; reynslan hefir og sýnt, að veikindi þau, er að ytra álitu virtust ólík fjárkláða, hafa skjótt og lengi horfið fyrir kláðalyffjum. Þá

1858.
3. nóvbr.

er það og, að öll veikindi þau, er komin eru af sníkjuþöddum eins og kláðinn, eru stundum skæðari en stundum. Að öllu samtöldu hagar illa til á Íslandi fyrir heilnæmi sauðfjár, og veldur því jafnt veðráttufar sem fjárgeymsla og hirðing, er hlýtur að vera ábótavant í mörgu sakir mergðar þeirrar, er flestir búendur hafa. Eigi ætlum vèr, að kláði sè nein óvanaleg sýki á Íslandi. Til eru lýsingar á ýmsum hörundskvillum, er verið hafa álgengir á sauðfè Íslendinga um lánan aldur og er innvortis veikindum hefir verið umkennt, þær draga nálega af því allan efa, að kláði hafi þar verið fremstur á palli. Svo margar ástæður eru til þess á Íslandi, að kláðin geti kviknað þar af sjálfum sèr, að óþarft er að leita að upptökum hans í samgöngum við erlent sauðfè; það er jafnvel eigi líklegt, að sýkin sè spröttinn upp á þann hátt, en þótt svo væri, þá gjörir það alls ekki til nè frá um aðferðina til að rýma henni á brott. Þar sem talið er, að sýkin sè fyrir sakir sótt næmis flutt úr suðurumdæminu í hin umdæmin, þá skal þess getið, að það er vanalega mjög örðugt úr að ráða, hvort sýki, sú er dreifst hefir mjög víða yfir, sè komin af sótt næmi eður af almennum orsökum. Hèr hefir vafalaust hvorttveggja hjálpast að. Ef nú sýkin ætti að vera komin í norðurumdæmið og vesturumdæmið úr suðurumdæminu sökum sótt næmis eins, þá stendur það fyrir, að sýki sú, er mun verið hafa fyrir norðan um sama leyti sem kláðinn gjörðist ískyggilegur fyrir sunnan, virðist alls ekki verið hafa til nokkurra muna frábrugðin sunnlenzka fjárkláðanum.

Það er sannfæring vor í dýralækningaráðinu, að sýkin sè eigi mjög hættuleg, hvað þá heldur ólæknandi, ef farið er skynlega með skepnurnar; en víst og satt er það, að eigi tjáir að vera hirðulaus úm sýkina. Þess vegna erum vèr því mjög mótfallnir, að allt sè skorð niður sökum sýkinar, sem gjört hefir verið í norðurumdæminu; það er ógagnlegt og óþarft að skera fleira fè en þörf er vegna hirðingariunnar. En reglur þær álitum vèr að mestu leyti réttar, er fylgt hefir verið í suðurumdæminu, og afskipti stiptamtmanns af málinu eigu fullt lof skilið. Það er því ráð vort, að framvegis sè haldið áfram þá leiðina, og að stjórnin styrki af alefli viðleitni stiptamtmanns

1858.

3. nóvbr.

og dýralæknanna, og leggi svo undir, að í norðurumdæminu og vesturumdæminu verði fylgt réttum frumreglum.

Telja verður lækningar ásamt skynsamlegri og heilsusamlegri hirðingu fjárins hið bezta ráð til að burtrýma sýkinni. Ef vel væri, þá ætti að hafa við lækningar um sömu mundir á öllu sjúku fê, er saman gengur, hversu stórt sem svæðið svo væri, þar til fêð hefir reynzt allvel heilbriggt, vetrarlángt að minnsta kosti; lækningarnar eru því einkum komnar undir fullkomnum aðskilnaði fjárins. Í þessu efni eru sjálfsagt miklir örðugleikar á Íslandi, og því megu menn eigi gjöra sér of miklar vonir um, að sýkinni verði útrýmt þar í snatri. Alla alúð verður að leggja á lækningar, ef menn eigu að fá unnið fullkominn svig á sýkinni fyrr enn eptir nokkur ár; fyrir því þykir oss nauðsyn á að gjöra nokkru skýrari grein fyrir lækningunum.

Það er alkunnugt, að þótt lækningar sé viðhafðar á einstökum kláðablettum, þá er slík lækning ónóg til að allækna skepnuna, enn þótt hún kynni vera nauðsynleg til undirbúnings. Böðin eru með öllu nauðsynleg, og skal þá dýfa kindinni margsinnis ofan í þau. Mjög svo áriðanda er að vita hversu sterkur baðlögurinn eigi að vera; eigi eru og öll böð jafnhaganleg, þau er nú eru notuð. Gjöra má hinn valzneska baðlög mátulega sterkan með því að hafa vatn minna, t. a. m. ef komið er 2 pundum af kalki í 340 merkur af vatni, í stað 400 marka. Ef haft er laugavatn til lyfbaða, verður að gjalda varhuga við, að vatnið sé of mikið, því þá verða þau áhrifa minni. Eptir rannsóknun og reynslu manna á síðari tímum, finnum vér oss skylt að fara nokkrum orðum um meðferð tóbaksbaða ásamt kalisböðum. Kalisbaðið er búið til úr 2 hlutum pottösku, 1 hluta af brenndu kalki og 50 hlutum vatns, og skal allt talið eptir þýngd. Til tóbaksbaða skal hafa seyði af 1 þýngdarhluta tóbaks og 25 þýngdarhluta vatns, er áður hafi verið lengi soðið. Fyrst skal baða skepnuna í kalisbaði, og svo sem 20 stundum síðar í tóbaksleginum; 5 dögum síðar skal aptur baða í tóbaksleginum. Lyf þessi skyldi og hafa, ef lækna skal einstaka kláðabletti, og má þá gjöra baðlöginn sterkari; einkanlega má tóbaksseyðið vera svo sterkt, að ein 5

1858. 3. nóvbr. pund vatns sè á móti 1 pundi af tóbaki. Með því að lyfböðin eigu einkum að drepa kláðamaurinn, er fjölgar harðla fljótt, og eigi er að vænta, að maurar allir og egg drepist við fyrsta bað, sè kindin mjög kláðug, þá skal við hafa lyfböð hin næstu, hvers konar lyf sem annars höfð eru, svo skömmum tíma eptir sem kindin þolir, enda líði eigi lengra á milli en 4 eður 5 dagar, þar til kindin er læknuð. Ef kláðinn er eigi mjög magnaður, þá geta böðin orðið að fullum notum, þótt lengri tími líði á milli, t. a. m. 8 eður 10 dagar; en engar verða þó kláðalækningar taldar nægilegar, nema kindin sè böðuð í frumbaðinu (þ. e. kalisbaðinu) og síðan að minnsta kosti tvisvar í lyfböðunum (tóbaksseyðinu) á 5 daga fresti. En um innvortis lyf er það ætlun vor, að eigi ætti önnur við að hafa en blendíng af matarsalti (steinsalti), tjöru og linum kryddjurtum (einkum malurt), og skal blendíng þenna svo til búa, að kindin eti sjálfkrafa nokkuð af honum. Eigi verður kláðsjúk kind talin alllæknuð, fyrr enn að minnsta kosti 6 vikur eru liðnar frá því er nokkur kláðavottur sást á henni.

Auðsætt er af því er nú var sagt, að harðla gagnlegt er að hafa lyf við fjárkláðanum, og nú með því að hætta sóttmæmisins rýrnar að sama skapi sem lækningarnar eflast, þá eru þær nokkurn veginn færar um að bæta úr því, er ábótavant kann að vera við aðskilnað sauðfjárins.

Lyfin eru og ágæt vörn gegn sóttnæmi, því er flyzt með öðrum hlutum en kindunum sjálfum; en í því efni ætti menn að færa sèr í nyt reynslu þá, að fjárkláðamaurinn lifir að eins skamma stund annarstaðar en á kindinni, hvort heldur hann er á lifandi hlutum eður dauðum, og að mikill þurrakuldi eður þurrahiti er næsta bannvænn öllum kláðamaurum. Gærur af kláðsjúku fè eður aðrir dauðir hlutir, þeir er kláðamaurr getur í fluzt, eru því með öllu óskaðvænar, ef þær eru annaðhvort látnar gagnþorna eður gaddfrjósa, eður þeim hafi verið haldið svo lengi í 60 mælistiga hita, saggasömum eður þurrum, að þær sè gagnbakaðar orðnar. Af lyfjum er baðlögurinn valneski og tóbaksseyðið bezt sóttvarnarlyf, en þau munu óptast verða óþörf, ef réttilega er farið með hin einföldu lyfin, er fyrr var

1858.

3. nóvbr.

getið. Kláðamaurnum er svo farið, sem og áður hefir verið á vikið, að lítt er að óttast útbreiðslu sóttnæmis frá íveruhúsum eður úr sængurfötum. Þá mun og optast óþarfi að hirða um ígángsklæði manna, er þeir ferðast um kláðaheruð, því svo lítt er að óttast útbreiðslu kláðans á þann hátt, að þess er að engu getandi hjá útbreiðslu hans af samgöngum fjárins. En varhuga skal þó gjalda við gærur af kláðsjúku fè. Þá skal og vandlega eyða kláðamaur öllum í fjárhúsum. Þvo skal húsin, kalka þau og viðra; þá er og gott ráð, að væta gólfð með tóbaksseyði og svo garðana og veggina, þar sem kindurnar koma við, og er tóbaksseyði betra til þessa en valzneski baðlögurinn. Sè nú rétt að öllu farið, mun óþarfi að rýfa nokkurt fjárhús sökum kláðans.

Dýralækningaráðið telur það æskilegt, ef hið opinbera annaðist lækningarnar að öllu leyti; því eigi hverr einstakur maður að annast lækningarnar sjálfur, er opt og einatt á örðugt með að afla sèr lyfjanna og aðstoðar þeirra manna, er vit hafi á lækningum, þá er lítil von um, að lækningar verði við hafðar. Rættast mundi þá að líkindum, að af nema verðina, er kosta ærið fè; eru til margar skýrslur um, að verðirnir hafi eigi verið haldnir svo, að fullvel sè; mætti þá og verja því fè til lækninga, er hær sparast í aðra hönd. Vær hljótum að telja það mjög ísjárvert, að varna mönnum að reka fè sitt á afretti, og það eigi að eins vegna hagbeitarinnar, heldur og vegna heilbrigði fjárins. Sè menn hræddir við sóttnæmi, þá er og þess að geta, að það verður talsvert minna, ef böðin eru notuð nóg samlega. Leita ætti og skýrslu um það, hve ágengt verður með umbót fjárhúsanna, sem og virðist hafa vakað fyrir ráðherranum.

Nú þótt svo megi segja, eptir því sem ráða er af skýrslunum úr suðurumdæminu, að árángurinn af lækningunum þar sè viðunandi, verður því þó eigi neitað, að enn vantar nægilegar skýrslur til þess að geta metið, hversu mikin þátt sýkin hafi átt í því hinu mikla fjárhruni, er þar hefir orðið. Útvega ætti því, svo sem kostur er á, skýrslur um 1) hversu margt fè sè allæknað af kláðanum; 2) hve margt hafi skorið verið sökum

1858.
3. nóvbr. sýkinnar (ólæknandi); 3) hversu margt hafi skorið verið, til þess að fækka fènu að þörfum, og 3) hversu margt hafi skorið verið að óþörfu. Að lyktum mundi og áriðanda, að bera það saman, hversu margt fè drapst áður kláðinn kom og hversu margt nú.

Eigi árángur þessa máls að verða viðunandi, þá er það samt óumflýjanlegt, að senda verður nokkru fleiri dýralækna til Íslands, og megu þeir eigi að vorri hyggju færri vera, en 2 til vesturumdæmisins og aðrir tveir til norðurumdæmisins.

II. Fylgiskjal.

Bréf dýralækníngaráðsins til innanríkisráðgjafans um fjárkláðamálið.

Hið háa ráðaneyti hefur sent oss bænarskrár og skýrslur um fjárkláðann á Íslandi, og beðið oss í bréfi, dagsettu 2. september, að láta um það álit vort í ljósi, hvort oss þætti ástæða til af skýrslum þessum, að auka nokkrum nýjum athugasemdum við álitsskjal vort um fjárkláðann, dagsettu 31. ágúst mán. þ. á.

Þess vegna skulum vèr láta það álit vort í ljósi, að skjöl þessi gjörðu oss einúngis enn sannfærðari um, að aðferð sú sè rétt, að lækna hið sjúka fè, og eigi skera nema einstaka skepnu. Fyrir því verðum vèr að leggja stjórninni það ráð, að gjöra allt sitt til að styrkja lækningarnar, og þá meðal annars með því, að menn þeir fái sæmilega borgun, er hjálpað hafa til að baða fèð. Það liggur í augum uppi, að niðurskurðurinn hefur þegar gjört landinu mikið tjón, og verði hann eigi heptur, getur hann auðveldlega gjöreytt öllum fjárstofni í heilu umdæmi; fyrir því ráðum vèr eigi að eins gjörsamlega frá því að reglugjörðar frumvarpið verði samþykkt, heldur hvetjum vèr og stjórnina til að senda amtmönnum öldungis ljósar og ótvíræðar skipanir, til þegar í stað að hætta við að skera niður fè fyrir mönnum að þeim nauðugum, og í annan stað, að samþykkja það eigi, að skaðabótunum verði jafnað niður á menn að þeim

naudugum, heldur verði hver maður látinn ráða því sjálfur, hvort hann vilji bæta nokkru.

1858.
3. nóvbr.

Dýralækníngarráðið í Kaupmannahöfn, 6. október 1858.

H. Bagge,

nú forseti.

**29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 5. nóvbr.
vesturumdæminu um verzlun lausakaupmanna.**

Með þessu voru bréfi sendum vèr yður, herra amtmaður, eptirrit af bréfi Fr. Hillebrandts, íslenzks kaupmanns og eiganda verzlunarstaðarins á Reykjavíri, er hann kvartar um, að hið fyrra sumar og enn þetta sumar hafi lögbönnuð lausaverzlun rekin verið á Steingrímsfirði, er liggur skammt frá Reykjavíri, og hafi valdsmaður látið slíka lögleysu sig engu skipta. Fyrir því leggjum vèr á við yður að láta rannsaka málið, og skyldi umkvörtun þessi reynast á rökum byggð, þá verði þèr að setja duglega ofaní við sýslumanniinn og áminna hann um að gæta betur embættisskyldu sinnar framvegis.

Vèr vonum, að þèr látið oss vita afdrif þessa máls svo skjótt sem verður.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann. 8. nóvbr.

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, skýrt oss, í bréfi yðru 13. október um fjárkláðann í suðurumdæminu, frá heilbrigðisástandum sauðfjárins í Rángárvallasýslu og hversu sýslubúar sé mótfallnir lækningatilraunum. Vèr viljum enn að nýju, líkt og vèr höfum áður ritað yður í bréfi voru 3. þ. m., mælast til þess, að þèr leitizt við með ráðum þeim, er þèr eigið vald á, og þó einkum með aðstoð hreppsnefndanna í Rángárvallasýslu, að koma því til leiðar, að lækningar sé reyndar og viðhafðar sem dýralækníngarráðið hefir fyrir sagt, að þèr einnig